

Til stjórnar SOS

Reykjavík 30. nóvember 2018

**Varðar: Afstöðu stjórnar SOS til endurnýjunar á þjónustusamningi milli SORPU bs. og SOS**

Á eigendafundi SORPU bs. hinn 21. október 2018 var eftirfarandi samþykkt:

*“Eigendafundur SORPU bs. lýsir verulegum vonbrigðum með þessa niðurstöðu og telur að með henni liggja fyrir aukin óvissa um hvort SOS bs. geti fundið lausn á urðunarstað fyrir óvirkan úrgang innan sinna vébanda innan þeirra þröngu tímamarka sem eru á máli.*

*Eigendavettvangur SORPU bs. sér því ekki forsendur fyrir því að samingur SORPU bs. og SOS bs. verði framlengdur óbreyttur eina ferðina enn meðan ekki liggur fyrir hvort eða hvernig SOS bs. getur leyst úr núverandi stöðu.*

*Eigendafundurinn áréttar, að SORPA bs. hefur það hlutverk að annast lögbundnar skyldur aðildarsveitarfélaganna sem settar eru í lögum 55/2003 um móttöku, meðhöndlun og förgun úrgangs innan þeirra sveitarfélaga sem aðild eiga að byggðasamlaginu. Sú skylda nær ekki til meðhöndlunar eða förgunar úrgangs úr sveitarfélögum utan starfssvæðis SORPU bs. Þjónusta SORPU bs. við SOS bs. frá árinu 2009 hefur því byggst á viðskiptalegum forsendum og í trausti þess að unnið væri að lausn á sameiginlegum hagsmunum beggja samlaganna.*

*Í ljósi núverandi stöðu máls, þá samþykkir eigendafundurinn að gerður verði nýr þjónustusamningur við SOS bs. til 2 mánaða, og jafnframt verði gjaldskrá vegna þjónustu við SOS bs. endurskoðuð, sem og önnur ákvæði um og skilgreiningar á þjónustunni.*

*Ef ekki liggja fyrir innan tveggja mánaða skýrar og ásættanlegar niðurstöður um hvort og með hvaða hætti SOS bs. getur leyst úr því máli sem hefur verið forsenda þess samnings sem var gerður 2009 til 3ja ára, og hefur síðan verið framlengdur 18 sinnum, þá verður þjónusta SORPU bs. við SOS bs. sjálfkrafa hætt.”*

Í framhaldi af ofangreindri samþykkt sendi framkvæmdastjóri SORPU bs. hinn 23.október 2018 nýjan samning til stjórnarformanns SOS til undirritunar.

Stjórnformaður SOS sendi síðan hinn 2. nóvember. 2018 tölvupóst til framkvæmdastjóra SORPU bs. þar sem fram kemur eftirfarandi bókun stjórnar SOS:

„SORPA bs. hefur boðið tímabundið samkomulag um móttöku, meðhöndlun og förgun úrgangs. Lagt er fram lögfræðilít Lex lögmansstofu þar sem fram kemur að viss ákvæði samkomulagsins kunnir að brjóta samkeppnislög. Stjórn SOS telur því ekki mögulegt að óbreyttu að ganga að fyrirliggjandi samkomulagi og óskar eftir fundi með Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, SSH/SORPU sem allra fyrst, þar sem farið verði yfir mögulegt samkomulag og jafnframt verði kynnt vinna SOS við staðarval og valkostagreiningu fyrir urðun úrgangs á Suðurlandi.“

Í niðurstöðu lögfræðilíts LEX eru dregin fram ýmis álitamál um lögmæti þess samnings sem SORPA bs. bauð SOS að vinna eftir, þ.m.t. efasemdir um lögmæti ákvæða sem voru í eldri samningi milli sorpsamlaganna frá árinu 2009. Með þessu eru settar fram efasemdir um að SORPA bs. geti eða megi yfirhöfuð veita SOS þá þjónustu sem SOS hefur staðið til boða og veitt hefur verið frá árinu 2009.

Án þess að lagt sé endanlegt mat á réttmæti niðurstöðu lögmansstofunnar, þá er augljóst að SORPA bs hvorki vill né getur staðið í viðskiptum þar sem vafi leikur á að séu lögmæt.

Í ljósi þess, þá telur SORPA bs. einsýnt að ekki verði um frekari þjónustu að ræða við SOS og því verði ekki um frekari móttöku á úrgangi frá SOS að ræða. Móttöku á úrgangi frá SOS verði því hætt eigi síðar en um nk. áramót.

SORPA bs. mun ekki hafa neitt frumkvæði í því að skoða frekar réttmæti lögfræðilíts LEX, þar sem það þjónar ekki hagsmunum SORPU að leggja í tímafreka og flókna vegferð við að greina með hvaða hætti þarf að breyta þeim samningi sem hefur verið unnið eftir frá 2009 til að mæta hagsmunum Sunnlendinga, á meðan ekkert er að gerast hjá þeim sem leiðir okkur nær niðurstöðu varðandi sameiginlegan urðunrstað.

f.h. stjórnar og eigendavettvangs  
SORPU bs



Birkir Jón Jónsson  
stjórnarformaður SORPU bs.



Rósa Guðbjartsdóttir  
formaður SSH og eigendavettvangs  
SORPU bs.